

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
Atvinnuveganefnd

150 Reykjavík

b.t. [nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

15. mars 2017


**Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti, 146. Mál.**

Lykill/Lýsing hf. vill lýsa ánægju sinni með þessa þingsályktun og styður að fullum hug þau markmið sem fram koma um minnkun á notkun jarðefnaeldsneytis. Flotaleiga Lykils og Lykilleiga er þjónusta sem fyrirtækið hefur boðið frá árinu 2014 og fellst í rekstrarleigu bifreiða til fyrirtækja og einstaklinga. Lögð er áhersla á að bjóða þar umhverfisvæna bíla eftir megni jafnframt því að örari endurnýjun bílaflotans leiðir heilt yfir til minnkandi útblásturs.

Við viljum benda sérstaklega á lið A2 þar sem tilgreint er að rekstrarleiga rafbíla skuli undanþegin VSK á sama hátt og kaup á slíkum bílum. Eins og staðan er í dag, gætir ákveðins misræmis þar sem viðskiptavinir okkar njóta VSK afsláttar ef þeir kaupa rafbíl og fjármagna hjá okkur með hefðbundnum hætti, en aftur á móti ef þeir hyggjast taka hann í Flota- eða Lykilleigu, þá leggst virðisaukaskattur á leigugreiðslurnar. Það að taka bíl á rekstrarleigu undanþiggur leigutaka m.a. undan endursöluáhættu og eins og staðan er á markaðnum, þá er ennþá viss ótti við þróun á endursölu rafbíla. Við hinsvegar teljum okkur í stakk búin að taka þá áhættu. Það þýðir því að ef leigugreiðslur eru undanþegnar, getum við boðið rafbíla í Flota- og Lykilleigu og þannig stuðlað betur að orkuskiptum.

Verandi stór flotaeigandi, teljum við okkar ábyrgð og hlutverk umtalsvert. Lykill er aðili að Grænu orkunni og hefur fylgst með umræðu og aðgerðum á þessu sviði í fjölda ára. Við berum því miklar væntingar til þeirra breytinga sem þessi þingsályktun boðar.

Virðingarfyllst,



Sverrir V. Hauksson  
Sviðstjóri Viðskiptasviðs